

## Skýrsla vorhátíðarnefndar 2012

Nefndin hittist fyrst á fundi með stjórn foreldrafélagsins og fékk þar reikninga frá síðasta ári auk góðra punkta til að vinna út frá. Meðal annars var okkur bent á að reyna að fá feður til liðs við okkur þar sem erfitt væri fyrir konur að stjórna böldnum drengjum sem mættu foreldralausir á hátíðina. Einnig höfðu sömu foreldrar þurft að standa vaktina við grillið býsna lengi.

Eftir að nefndin hafði hist nokkrum sinnum komumst við að þeirri niðurstöðu að það væri varla vinnandi vegur fyrir fjórar konur að skipuleggja svo stóra hátíð svo vel væri og báðum um fund með skólastjóra og yfirmanni félagsmiðstöðvar. Þar var ákveðið að gera þetta í sameiningu.

Nefndin sá um að útvega hoppukastala, andlitsmálningu og skemmtiatriði en skólinn sá um að skipuleggja skróðgöngu og kaupa pylsur og drykki sem yrðu í boði fyrir alla nemendur. Einnig var ákveðið að hafa skemmtunina á skólatíma til að geta nýtt starfsfólk skólans. Þar nýttust auk kennara húsverðir allra bygginga í að útvega tæki og tól auk þess sem matráðar og skólaliðar aðstoðuðu við grill. Húsverðir og starfsfólk sáu einnig um að ganga frá grillum og þeim áhöldum sem notuð voru.

Pantaðir voru þrír hoppukastalar.

Skólastjóri kom með þá hugmynd að bjóða verðandi fyrstu bekkingum og hátíðina og fjármagnaði því leigu á fjórða kastalanum

Hátíðin byrjaði um 10:00 þegar Skólahljómsveit Kópavogs leiddi skróðgöngu frá Digranesi yfir í Hjalla og þaðan í íþróttahúsið þar sem skólahljómsveitin tók nokkur lög. Síðan var nýtt lógo Álfhólsskóla kynnt og Friðrik Dór söng nokkur lög. Að lokum ætluðu Íslandsmeistarar HK í handbolta að koma og hitta krakkana en því miður mætti enginn úr þeirra röðum.

Næst var haldið út á skólalóðina þar sem kennarar kepptu við nemendur í fótbolta og körfubolta og þeir sem vildu gátu leikið sér í hoppuköstulum. Nemendur komu svo í þremur hollum að grilli við norðurhlið Digraness og fengu grillaðar pylsur. Hátíðinni lauk 13:10

9. bekkingar aðstoðuðu sjálfboðaliða úr hópi foreldra við að grilla ofan í börnin og mála þá sem það vildu.

Við fengum athugasemdir um það sem betur hefði mátt fara:

- Kveikja í kolagrillum þremur korterum áður en byrjað er að grilla til að kolin séu ekki of heit
- Senda eldri nemendur sem vilja komast á íþróttavöll á vellina við Hjalla til að pláss sé fyrir yngri nemendur við Digranes.
- Hafa drykki staðsetta fyrir miðju (þar sem pylsur eru afgreiddar) þannig að nemendur geti kippt þeim með í leiðinni
- Leyfa nemendum að fá drykki og pylsur eins og þeir vilja (við reyndar leyfðum þeim það en þeir fengu bara eitt stykki í einu)

Kostnaður foreldrafélags:

- Andlitsmálning
- Hoppukastalar (með uppsetningu og samantekt)
- Friðrik Dór

Við fengum mjög gott veður og var þetta virkilega góður dagur í alla staði. Nemendur voru til fyrirmyndar og allir virtust skemmta sér hið besta.

Anna Pála Gísladóttir

Ásta Samúelsdóttir

Claudia Luckas

Valgerður G. Guðgeirsdóttir